FVSA
FÉLAG VERSLUNAR - OG SKRIFSTOFUFÓLKS
AKUREYRI OG NÁGRENNI

# ÁRSSKÝRSLA



# 2025-2026

# FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

## ÁRSSKÝRSLA STJÓRNAR OG REIKNINGAR FÉLAGSINS

**AÐALFUNDUR MÁNUDAGINN 23. FEBRÚAR 2026**

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu
3. Kosning löggilts endurskoðanda félagsins
4. Kosning tveggja manna í kjörstjórn og tveggja til vara
5. Lýst kjöri stjórnar og trúnaðarráðs sbr. 10. gr.
6. Kynnt niðurstaða frá kjöri trúnaðarmanna á 8 aðalmönnum og 4 til vara í trúnaðarráð til eins árs sbr. 15. gr.
7. Önnur mál

**Ársskýrsla og ársreikningar Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni 2025**
Ábyrgð: Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Útgefið með fyrirvara um innsláttarvillur.
Allt myndefni er í eigu Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni, nema annað sé tekið fram.

# EFNISYFIRLIT


FRÁ FORMANNI .......... 4

ÁRSSKÝRSLA FVSA .......... 6

STJÓRNIR OG NEFNDIR .......... 7

ÞING, FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR .......... 8

ÞJÓNUSTA .......... 12

TRÚNAÐARMENN .......... 13

ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL .......... 14

SJÚKRASJÓÐUR .......... 16

STARFSMENNTASJÓÐUR .......... 16

FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ .......... 17

FÉLAGSSTARF .......... 21

KYNNINGARMÁL .......... 24

ÁRSREIKNINGUR 2025 .......... 25

# FRÁ FORMANNI

## Starfssárið 2025 til 2026

### Kæru félagar,

Rekstur félagsins gekk vel á liðnu starfsári, tveir liðir í ársreikningi taka markverðum breytingum milli ára; greiðsla sjúkradagpeninga dróst saman um 29% og innleiðing á nýjum kerfum jók rekstrarkostnað um rúmar tíu milljónir. Félagsstarfið gekk vel, félagið hélt fjölda funda í trúnaðarráði, morgufundi trúnaðarmanna, í stjórnum félagsins auk þess að bjóða fræðslu fyrir félagsfólk og nemendur í grunnskólum á þjónustusvæði félagsins Einnig áttum við fulltrúa á viðburðum innan verkalýðshreyfingarinnar, bæði hérlendis og erlendis. Nánari upplýsingar um rekstur og starf félagsins er hér í skýrslu stjórnar.

### Fangar verðbólgunnar

Það eru blikur á lofti í íslensku efnahagslífi. Verðbólga helst há, stýrivextir eru í sögulegu hámarki og atvinnuleysi eykst. Horfur í hagkerfinu eru neikvæðar, það er slæm staða hjá Norðuráli og PCC á Bakka, minnkandi hagvöxtur og stanslaus óvissa í heimsmálum.

Áhrifanna gætir helst hjá heimilum landsins sem bera háan vaxta- og húsnæðiskostnað auk hækkunar á opinberum gjöldum og almennu vöruverði. Fyrirtækin bera við háum vöxtum þegar þau hækka vöruverð, sem eykur aftur á verðbólguna. Heimilin sitja hinsvegar eftir án úrræða til þess að ná endum saman og eru fangar verðbólgunnar.

En hvað með launahækkanir? Almenn laun hækkuðu 1. janúar um 3,5% eða að lágmarki 23.750 kr., eftir frádrátt eru það um 16.000 kr. útborgað. Fyrir eiganda 100 fm íbúðar á efri brekkunni á Akureyri hleypur hækkunin skammt því samkvæmt gjaldskrá Akureyrarbæjar frá áramótum hækka fasteignagjöld um 15.209 kr. frá árinu áður, sem nemur 8% af heildarlaunahækkun ársins 2026. Þá eru ótalin önnur opinber gjöld auk áður nefndra hækkana á vörum, þjónustu og auknum húsnæðiskostnaði í formi þrálátrar verðbólgu og hárra vaxta.

Hagnaður bankanna var á síðasta ári 94 þúsund milljónir eða 380 milljónir á hvern virkan dag, 48 milljónir á hvern klukkutíma og 800.000 kr. á hverja mínútu. Þessi ofurhagnaður er fenginn að hluta til úr vösum vinnandi fólks með íbúðalán, drifinn áfram af fáum útvöldum sem hagnast á því að eiga sparifé á háum innvöxtum í umhverfi þar sem er engin samkeppni á bankamarkaði. Krónan kemur í veg fyrir að við getum átt í viðskiptum við banka erlendis og þannig notið sambærilegra lánakjara og annað vinnandi fólk í Evrópu.

### Brostnar forsendur

Að þessu sögðu er dapurt að horfa til þeirra markmiða sem áttu að renna stoðum undir núgildandi kjarasamninga;

- Hógværar launahækkanir sem myndu skila raunverulegum kaupmætti.
- Að stjórnvöld sýni ábyrgð í gjaldtöku og stuðli að stöðugleika.
- Að fyrirtæki héldu aftur af verðlagshækkunum.
- Stuðla að minnkun verðbólgu og lækkun vaxta.

Verkalýðshreyfingin stóð við sitt, en allt tal um að nú myndu fyrirtæki, ríki og sveitafélög standa með stéttarfélögum um að ná niður verðbólgu og vöxtum voru orðin tóm. Lærdómur verkalýðshreyfingarinnar hlýtur að vera sá að stíga varlega til jarðar við gerð langtíma samninga.

Í núgildandi kjarasamningum er ákvæði um að í mars n.k. skuli launa- og forsendunefnd úrskurða um sérstakan kauptaxtaauka og má gera ráð fyrir sambærilegri hækkun á launataxta og úrskurðað var um 1. apríl 2025. Í september n.k. tekur sama nefnd afstöðu til eftirfarandi ákvæða:

- Forsenda er að 12 mánaða verðbólga í ágúst 2026 mælist ekki yfir 4,7%.
- Forsenda þessi um verðlag telst þó hafa staðist ef verðbólga á 6 mánaða tímabilinu frá mars - ágúst 2026 verður 4,4% eða lægri miðað við árshraða.

Komist nefndin að niðurstöðu um forsendurbrest samningsins og náist ekki samkomulag um viðbragð gegn því, getur annar aðilinn tilkynnt um að samningurinn haldi ekki gildi. Enn ríkir mikil óvissa um þróun verðbólgu og því erfitt að spá um niðurstöðuna.

### Sameinuð verkalýðshreyfing til árangurs

Hvort sem að kjaraviðræður hefjast í haust, eða haustið 2027, verðum við að standa saman sem ein heild. Hagur okkar verður ekki sjálfkrafa betri, við þurfum að leggjast á eitt í baráttunni fyrir betri framtíð.

- Við þurfum að krefjast launa sem endurspegla raunverulegt framlag fólks.
- Við þurfum að krefjast vinnuaðstæðna þar sem fólk brennur ekki út.
- Við þurfum að krefjast virðingar fyrir störfum okkar.

Kjarabarátta er eilíft verkefni sem ætti að vera okkur ofarlega í huga flesta daga. Til að ná fram betri kjörum þurfum við að vera óhrædd að taka samtalið við vinnufélagana á kaffistofunni um hvað við séum tilbúin til að leggja á okkur til að ná fram betri kjörum. Við megum engan tíma missa, við verðum að skipuleggja okkur fram í tímann og tryggja að skilaboðin frá okkur séu skýr – að við séum tilbúin til þess að fara í verkfall til að ná fram okkar markmiðum.

Árangur næst ekki án samstöðu, rödd okkar þarf að vera svo hávær að hún fari ekki fram hjá eigendum fyrirtækja. Vitneskjan um að mikill meirihluti félagsfólks sé tilbúinn til þess að fara í verkfall auðveldar samningaviðræður og minnkar líkur á beytingu verkfallsvopnsins.

**Baráttukveðjur,**
Eiður Stefánsson, *formaður Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni.*

# FÉLAG VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI

Þjónustusvæði Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni (FVSA) nær yfir Akureyrarbæ, Dalvíkurbyggð, Fjallabyggð, Eyjafjarðarsveit, Hörgárbyggð, Svalbarðsstrandar- og Grýtubakkahrepp.

Félagið er aðili að Alþýðusambandi Norðurlands (AN), Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) og Alþýðusambandi Íslands (ASÍ).

Félagsmenn eru samtals 2.348, þar af eru 422 lífeyrisþegar. Konur eru 60% af félagsfólki.

| Helstu styrkir úr félagssjóði | |
|---|---|
| Velferðarsjóður Eyjafjarðar | 750.000 kr. |
| Kvennaverkfall 2025 | 68.267 kr. |
| Aðrir styrkir | 92.000 kr. |



***Aðalmenn í stjórn FVSA 2025-2026***
*Efri röð frá vinstri: Halldór Óli Kjartansson, Eiður Stefánsson og Stefán Jónsson.*
*Neðri röð frá vinstri: Claudia Lobindzus og Hulda Björnsdóttir.*

# STJÓRNIR OG NEFNDIR

## STJÓRN FVSA

Eiður Stefánsson – Formaður
Hulda Björnsdóttir – Varaformaður
Claudia Lobindzus – Ritari
Halldór Óli Kjartansson – Gjaldkeri
Stefán Jónsson – Meðstjórnandi

VARAMENN
Agnes Reykdal
Bryndís Björk Barkardóttir
Anna Hafdís Jóhannesdóttir
Stefán Jónsson

## STJÓRN SJÚKRASJÓÐS

Eiður Stefánsson
Hallgrímur Heimir Geirdal Jónasson
Hilda Dröfn Eichmann
Katrín Guðrún Pálsdóttir
Svanfríður Sigurðardóttir

VARAMENN
Guðrún J. Þorbjarnardóttir
Jónas Þór Sveinsson
Stefanía Árdís Árnadóttir

## FÉLAGSLEGIR SKOÐUNARMENN

Helena Ásta Magneudóttir
Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

TIL VARA
Steinunn Hulda Marteinsdóttir
Sirrý Laxdal Jóhannesdóttir

## KJÖRSTJÓRN

Helga Eymundsdóttir
Helgi Sveinbjörn Jóhannsson

TIL VARA
Eydís Bjarnadóttir
Hafsteinn Lúðvíksson

## UPPSTILLINGARNEFND

Halldór Óli Kjartansson
Helga Eymundsdóttir
Stefán Jónsson

## TRÚNAÐARRÁÐ

Í trúnaðarráði sitja stjórnarmenn félagsins auk 13 fullgildra félagsmanna. Trúnaðarmenn kjósa auk þess árlega úr sínum hópi átta félagsmenn og fjóra til vara í trúnaðarráð.

### Trúnaðarráð til eins árs valið af trúnaðarmönnum

Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leiru
Gunnar Hafsteinn Kristjánsson - Húsasmiðjan
Lára Pálína Jónsdóttir - Olís Tryggvabraut
Guðlaug Kristjánsdóttir - Klettur
Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil
Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi
Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur
Örn Viðar Birgisson - Byko

TIL VARA
Anna Kristín Árnadóttir - Kjarnafæði Norðlenska
Ástrún Jóhanna Sigurðardóttir - Nettó Hrísalundi
Hafþór Orri Finnsson - Bónus
Katrín K. Briem - Icelandair

### Trúnaðarráð til eins árs valið af uppstillingarnefnd

Amanda Liv Zachariassen - Jysk
Helga Eymundsdóttir - Blikkrás
Kristín Hilmarsdóttir - Stapi
Hjálmar Pálsson - Hnýfill ehf.
Ragnar Már Heinesen - Advania

TIL VARA
Allan Newman - Brimborg ehf.
Hanna Sigríður Magnþórsdóttir - Bónus Langholti
Helga Jónsdóttir - Ice Fresh Seafood ehf.
Konráð Jónas Óskarsson - Penninn ehf.
Una Dagný Hreiðarsdóttir - Siglufjarðar Apótek ehf.

## FULLTRÚAR FRÁ FÉLAGINU Í STJÓRNUM

**Eiður Stefánsson:** Formaður LÍV, miðstjórn ASÍ, stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og í stjórn Nordiska Handelskommittén.
**Helgi Sveinbjörn Jóhannsson:** Í stjórn orlofsbyggðarinnar á Illugastöðum.
**Halldór Óli Kjartansson:** Varamaður í stjórn Símey.
**Eydís Bjarnadóttir:** Varamaður í stjórn Fjölsmiðjunnar og varmaður í stjórn AN.
**Hulda Björnsdóttir:** Varamaður í stjórn LÍV.
**Katrín K. Briem:** Stjórn ASÍ-UNG.

# ÞING, FUNDIR OG RÁÐSTEFNUR

## FUNDIR STJÓRNAR

Alls voru haldnir níu fundir í stjórn FVSA, fundargerðir eru á vef félagsins.

## FUNDIR SJÚKRASJÓÐS

Alls hélt stjórn Sjúkrasjóðs FVSA fjóra fundi á árinu.

## FUNDIR TRÚNAÐARRÁÐS

Þrír fundir voru haldnir í trúnaðarráði FVSA, fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins www.fvsa.is.

## AÐALFUNDUR FVSA 2025

Aðalfundur Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni var haldinn á Múlaberg mánudaginn 24. febrúar. Fundarsókn var með ágætum, en alls sátu um 40 félagsmenn fundinn. Starfsmenn fundarins voru kjörnir; Stefanía Árdís Árnadóttir, fundarstjóri, og Eydís Bjarnadóttir, fundarritari.

### NIÐURSTÖÐUR GALLUP KÖNNUNAR

Dagskrá hófst á kynningu Tómasar Bjarnasonar á niðurstöðum úr könnun sem Gallup gerði fyrir hönd félagsins í nóvember og desember. Í könnuninni var viðhorf til félagsins mælt og þróun þar á, einnig voru kjör og húsnæðisaðstæður félagsfólks kannaðar ásamt áhuga á endurmenntun, auglýsingaeftirtekt og áhrif á breytingum leikskólagjalda. Úrtak könnunarinnar var 1.545 manns, en alls svöruðu 677 félagsmenn könnuninni, þátttökuhlutfall var því 43,8%. Ítarleg umfjöllun um niðurstöður könnunarinnar verður birt á vef félagsins.



*Frá vinnufundi trúnaðarráðs og þeirra sem gegna trúnaðarstöðum fyrir félagið þann 27. nóvember 2025.*

### SKÝRSLA STJÓRNAR

Yfirferð á skýrslu stjórnar var í höndum formanns félagsins, Eiðs Stefánssonar. Í máli hans kom fram að stjórn FVSA hafi tekist á við ærin verkefni á starfsárinu, en þar bar hæst undirritun kjarasamninga í mars. *„Eins og fram kom í skoðanakönnun félagsins hefur fjórðungur félagsfólks miklar áhyggjur af fjárhagsstöðu sinni, eða 25,1% svarenda. Þá hafa 9,4% átt í erfiðleikum með að standa skil á afborgunum og er það áhyggjuefni. Nú ári eftir undirritun samninga er fyrst merkjanleg lækkun á verðbólgu og enn langt í land með að ná þeim markmiðum sem vonir stóðu til um“* lýsti Eiður og benti á að alls hafi viðskiptabankarnir þrír hagnast um alls 83,5 milljarða króna á síðasta ári á meðan heimilin í landinu hafi borið vaxtabyrgði bankanna.

### ÖNNUR AÐALFUNDARSTÖRF

Fundarstjóri bauð velkominn Hermann Brynjarsson, frá endurskoðunarfyrirtækinu Enor, sem fór yfir ársreikning félagsins og lýsti jákvæðum rekstrarafgangi í lok ársins. Þá fór Stefán Jónsson, varamaður í stjórn FVSA, yfir tillögur að breytingum á reglugerð Sjúkrasjóðs og lögum félagsins sem hvoru tveggja var samþykkt af félagsfólki. Agnes Reykdal og Claudia Lobindzus, stjórnarkonur, kynntu kosningar og lýstu stjórnarkjöri.

### ÞAKKIR FYRIR VEL UNNIN STÖRF

Formaður félagsins, Eiður Stefánsson, kvað sér hljóðs undir dagskrárliðnum önnur mál og þakkaði fráfarandi félagsfólki í trúnaðarstöðum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Eiður, ásamt varaformanni FVSA, Huldu Björnsdóttur, færðu þeim Jóni Grétari Rögnvaldssyni og Margréti Brynjólfsdóttur blómvönd af þessu tilefni. Einnig var Jóni Haraldi Lárusssyni veittar kærar þakkir, en hann var fjarverandi.

## ÁRSFUNDUR STAPA

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs var haldinn þriðjudaginn 13. maí á Hótel Valaskjálf á Egilsstöðum. Fulltrúar FVSA voru Hallgrímur Heimir G. Jónasson, Guðrún J Þorbjarnardóttir og Helgi Sveinbjörn Jóhannsson.

Auk þess voru haldnir tveir fulltrúaráðsfundir hjá Stapa.




*Eiður Stefánsson, formaður FVSA (lengst til vinstri) og Hulda Björnsdóttir, varaformaður FVSA (lengst til hægri), færðu Jóni Grétari Rögnvaldssyni og Margréti Brynjólfsdóttur þakkir fyrir vel unnnin störf í þágu félagsins í lok aðalfundar..*

## RÁÐSTEFNA UNI EUROPA Í BELFAST

Yfir 600 fulltrúar stéttarfélaga víðs vegar að úr Evrópu komu saman í Belfast í lok mars til að fagna 25 ára afmæli UNI Europa og leggja línur að réttlátari framtíð fyrir evrópskt launafólk undir yfirskriftinni „Raunveruleg áhrif, hærri laun".

LÍV sendi sex fulltrúa á ráðstefnuna, þar af þrjá frá FVSA; Agnesi Reykdal varamann í stjórn, Helga Sveinbjörn Jóhannsson, starfsmann félagsins og Eið Stefánsson, formann.

Ráðstefnan stóð yfir í þrjá daga. Fjallað var m.a. um mikilvægi verkalýðshreyfingarinnar í uppbyggingu réttláts samfélags og nýjar leiðir í skipulagningu starfsins, raunvirði vinnu launafólks, hættur og tækifæri tengdum gervigreind og lýðræðishalla í kjölfar stafrænnar umbreytingar. Lögð var áhersla á að gervigreind eigi að styðja við launafólk, ekki grafa undan því.

Í lok ráðstefnunnar voru samþykktar ályktanir gegn öfgahægri öflum til varnar lýðræði. Skilaboð ráðstefnunnar voru skýr: Launafólk um alla Evrópu á rétt á raunverulegum áhrifum, hærri launum og að teknar séu sanngjarnar og mannúðlegar ákvarðanir um framtíð vinnunnar.



*Fulltrúar LÍV á ráðstefnu UNI Europa í Belfast, frá vinstri: Helgi Sveinbjörn Jóhannson, Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, Halla Gunnarsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Eiður Stefánsson og Agnes Reykdal.,*




*Fulltrúar FVSA á 35. þingi LÍV, frá vinstri: Katrín K. Briem, Stefán Jónsson, Agnes Reykdal, Hulda Björnsdóttir, Helga Guðrún Pálsdóttir og Eiður Stefánsson.*

## 34. ÞING LÍV

34. þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) var sett á Hótel Reykjavík Grand fimmtudaginn 30. október 2025. Eiður Stefánsson, formaður LÍV og FVSA setti þingið og Finnbjörn A. Hermannsson, forseti ASÍ, ávarpaði þingfulltrúa.

Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands hélt erindi um gervigreind á vinnustöðum og Hannah Peaker, aðstoðar-framkvæmdastjóri New Economics Foundation, fjallaði um niðurskurðarstefnu.

Ályktanir þingsins um niðurskurðarstefnu, gervigreind, leikskólamál og öryggismál verslunarfólks má nálgast inni á vef LÍV.

Alls áttu 105 fulltrúar hvaðanæva af landinu seturétt á þinginu, þar af átti FVSA sex fulltrúa; Eið Stefánsson, Huldu Björnsdóttur, Stefán Jónsson, Agnesi Reykdal, Katrín K. Briem og Helgu Guðrúnu Pálsdóttur.

Kosningar fóru fram á öðrum þingdegi. Eiður Stefánsson, formaður FVSA, var sjálfkjörinn formaður LÍV til næstu tveggja ára, 2025- 2027.

<u>Í aðalstjórn LÍV til næstu tveggja ára voru kjörin:</u>

Halla Gunnarsdóttir, VR
Hjörtur Geirmundsson, Verslunarmannafélag Skagafjarðar
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, VR
Ólafur Reimar Gunnarsson, VR
Birgitta Ragnarsdóttir, VR
Kolbrún Júlía Erlendsdóttir, VR

<u>Í varastjórn til næstu tveggja ára voru kjörin:</u>

Ellen Rós Baldvinsdóttir, VR
Aðalsteinn J. Halldórsson, Framsýn
Hulda Björnsdóttir, FVSA
Andrea Rut Pálsdóttir, VR
Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir, AFL starfsgreinafélag
Malini Elavazhagan, VR
Þórir Hilmarsson, VR




*Fulltrúar FVSA á Kvennaráðstefnu ASÍ f.v.; Hulda Björnsdóttir, María Rut Dýrfjörð og Anna Hafdís Jóhannesdóttir.*

## KVENNARÁÐSTEFNA ASÍ

Kvennaráðstefna ASÍ var haldin í Reykjanesbæ 27.-28. maí. Alls sóttu 65 konur víðsvegar af landinu ráðstefnuna til að kjarna meginviðfangsefni kvenna í verkalýðshreyfingunni undir yfirskriftinni: Kvenfrelsi og stéttabarátta á Kvennaári. Þrjár konur úr röðum FVSA sóttu ráðstefnuna, stjórnarkonurnar Anna Hafdís Jóhannesdóttir, trúnaðarmaður Samkaup á Dalvík og Hulda Björnsdóttir, trúnaðarmaður Heimilistæki og Tölvulistinn, ásamt Maríu Rut Dýrfjörð, starfsmanni félagsins.

Á ráðstefnunni var kvennasamstöðunni fagnað og áréttað mikilvægi þess að efla hana og rækta. Fjallað var um Kvennaárið, stöðu kvenna í samfélaginu og innan hreyfingarinnar. Unnið var í þremur málstofum;

1) Samþætting fjölskyldu- og atvinnulífs
2) Launamun kynjanna
3) Mismunun og ójöfnuð

Mikil stemning skapaðist og samhugur kvenna á milli þvert á félög og atvinnugreinar. Konur í Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis voru höfðingjar heim að sækja og mættu ráðstefnugestum af mikilli gestrisni. Niðurstöður kvennaráðstefnu ASÍ voru sendar miðstjórn sambandsins til umfjöllunar.

## 11. ÞING ASÍ-UNG

11. þing ASÍ-UNG, hreyfingar ungs fólks innan Alþýðusambands Íslands, var haldið 17. október í Reykjavík. Yfirskrift þingsins var *Raddir ungs fólks til áhrifa - Kraftur til breytinga.* ASÍ-UNG eru samtök ungs fólks innan verkalýðshreyfingarinnar sem sér til þess að hagsmunamál ungra Íslendinga á vinnumarkaði séu ávallt á dagskrá Alþýðusambandsins.

Málefni þingsins tóku mið af stefnumótunarstarfi stjórnar ASÍ-UNG og snerta ungt fólk sérstaklega; málefni fjölskyldufólks, húsnæðismál, brotastarfsemi og samgöngumál.

FVSA átti einn fulltrúa á þinginu; Katrínu K. Briem, trúnaðarmann hjá Icelandair. Katrín tók sæti í aðalstjórn ASÍ-UNG til eins árs, en sjálfkjörið var í allar stjórnarstöður samkvæmt uppstillingu.



*Hluti þingfulltrúa á þingi ASÍ-UNG*

# ÞJÓNUSTA

## OPNUNARTÍMI

Skrifstofa félagsins er opin mánudaga til fimmtudaga frá 08:00-16:00 og föstudaga frá 08:00-13:00. Á Siglufirði reka nokkur stéttarfélög sameiginlega skrifstofu, hlutur FVSA í rekstrinum þar er 11%.

## MANNAUÐUR

Starfsmenn félagsins eru fimm;

Eiður Stefánsson, formaður
Eydís Bjarnadóttir, kjaramálafulltrúi
Helgi S. Jóhannsson, afgreiðsla og fasteignaumsjón
María Rut Dýrfjörð, markaðs- og vefmál
Stefanía Árdís Árnadóttir, bókhald

## KJARAMÁLASVIÐ

Yfir þrjú hundruð fyrirspurnir bárust kjaramálasviði á síðasta ári. Um hundrað félagmenn komu á skrifstofu félagsins og fengu aðstoð vegna kjaramála, auk þess sem yfir 200 tölvupóstar og símtöl bárust frá félagsmönnum og atvinnurekendum varðandi kjaramál.

## NÝTT FÉLAGAKERFI - TOTAL

Í lok október hóf félagið innleiðingu á nýju félagakerfi sem nefnist TOTAL. Kerfið er í eigu fjölmargra stéttarfélaga um land allt og er þróað fyrir starfsemi þeirra. TOTAL leysir af upplýsingakerfið Jóakim, en þjónustuaðili þess hafði tekið ákvörðun um að afleggja hluta þess og því var skipt um kerfi. TOTAL er alíslenskt hugvit, kerfið er skrifað af forriturum Austurnets ehf. sem er hugbúnaðarfyrirtæki á Egilsstöðum.

Félagakerfið er tvíþætt; annarsvegar eru það undirkerfi sem starfsfólk stéttarfélagsins vinnur með s.s. iðgjalda-, styrkja-, trúnaðarmanna-, orlofs-, kosninga- og skeytakerfi. Hinsvegar eru *Mínar síður* hvers og eins félagsmanns sem skráir sig inn með rafrænum skilríkjum. TOTAL talar auk þess við önnur kerfi s.s. bókhalds-, aðgangs-, málaskráningar-, og símkerfi, sem gerir starfsumhverfi starfsfólks stéttarfélaganna einfalt og skilvirkt.

### MÍNAR SÍÐUR - MEIRI UPPLÝSINGAR

Í byrjun desember var opnað fyrir skráningu félagsfólks inn á *Mínar síður*. Við innskráningu birtist yfirlit yfir persónuupplýsingar, félagsgjöld og réttindi




*Skjáviðmót sem blasir við félagsfólki inni á Mínum síðum á nýja félagavefnum.*




*Í orlofskerfinu er gott yfirlit yfir framboð orlofseigna, ásamt myndum og upplýsingum um hverja og eina eign.*

félagsmanns í sjóðum félagsins á svokölluðu persónublaði. Þessi félagasýn er mikil framför frá því sem var, því áður hafði félagsmaður aðeins aðgengi að orlofsbókunarkerfi og iðgjaldasögu.

Í nýja orlofskerfinu birtast auk framboðs upplýsingar um hverja eign ásamt myndum ofl. þannig að auðvelt er að bera saman orlofskosti.

Allar umsóknir um sjúkradagpeninga og styrki úr sjóðum félagsins fara nú í gegnum nýja félagavefinn. Starfsfólk fer yfir hverja umsókn og getur kallað eftir nánari gögnum eða upplýsingum með því að senda skeyti úr kerfinu. Þannig haldast öll samskipti varðandi hverja umsókn innan kerfisins sem auðveldar alla vinnslu.

Með betra viðmóti og auknu aðgengi að upplýsingum styður nýja félagakerfið að auknum samskiptum milli félagsfólks og starfsmanna FVSA. Félagsmenn hafa almennt lýst yfir ánægju með þessa nýjung og er það von félagsins að komandi uppfærslur á kerfinu gagnist félagsfólki vel.

# TRÚNAÐARMENN

Trúnaðarmenn gegna veigamiklu hlutverki í starfsemi félagsins og eru mikilvægur hlekkur milli félagsmanna og félagsins. Hlutverk þeirra er að gæta þess að kjarasamningar séu virtir og að ekki sé gengið á félagslegan og borgaralegan rétt starfsmanna.

## TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ

Félagið býður trúnaðarmönnum að sækja trúnaðarmannanámskeið hjá Félagsmálaskóla alþýðu. Tilgangur námsins er að auðvelda trúnaðarmönnum að takast á við þau verkefni sem þeim eru falin, að þeir efli sjálfstraust sitt og lífsleikni. Námið er kennt í stað-, fjar- og vefnámi á landsvísu.

## MORGUNFUNDIR TRÚNAÐARMANNA

Ár er liðið síðan stjórn FVSA samþykkti tillögu um að boða trúnaðarmenn á reglulega morgunfundi hjá félaginu. Markmið fundana er að efla tengsl við trúnaðarmenn félagsins, veita þeim ýtarlegri innsýn inn í störf félagsins og hreyfingarinnar í heild, og gefa þeim kost á að vera í nánari samskiptum við starfsfólk félagsins og aðra trúnaðarmenn.

Á liðnu starfsári voru haldnir fjórir morgunfundir og voru þeir allir vel sóttir. Trúnaðarmenn fengu m.a. kynningu á alþjóðasamstarfi Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, upplýsingar um starfsemi og þjónustu Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks og kynningu á niðurstöðum úr könnunum Vörðu, rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, um stöðu launafólks á íslandi. Að auki var starfsfólk félagsins með fregnir af starfi og dagskrá félagsins og upplýsingar sem trúnaðarmenn kynntu síðan fyrir sínu samstarfsfólki.

## TRÚNAÐARMENN KJÓSA Í TRÚNAÐARRÁÐ

Trúnaðarmenn kusu sína fulltrúa í trúnaðarráð á trúnaðarráðsfundi í lok nóvember, átta aðalmenn og fjóra til vara.

### AÐALMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2026-2027

Ástrún Jóhanna Sigurðardóttir - Nettó Hrísalundi
Gestur Gunnar Björnsson - N1 Hörgárbraut og Leiru
Halldóra Konráðsdóttir - Grófargil
Helena Ásta Magneudóttir - Akureyrarapótek
Helga Guðrún Pálsdóttir - Nettó Glerártorgi
Lára Pálína Jónsdóttir - Olís Tryggvabraut
Pála Dröfn Sigurðardóttir - Höldur
Thelma Björk Sævarsdóttir - BYKO

### VARAMENN Í TRÚNAÐARRÁÐI 2026-2027

Katrín Guðrún Pálsdóttir - CCEP
Ingibjörg Ásta Árnadóttir - Bónus Langholti
Anna Kristín Árnadóttir - Kjarnafæði Norðlenska hf.
Svanhvít Líf Bjarnadóttir - Húsasmiðjan



*Setustofan í Skógarseli eftir framkvæmdir.*

# ORLOFSHÚS OG ORLOFSMÁL

## ORLOFSHÚS

Félagið á sjö íbúðir í Reykjavík og er ein þeirra er leigð út sem sjúkraíbúð. Auk þess á félagið þrjú sumarhús á Illugastöðum, hús í Vaglaskógi og á Húsafelli.

Sumarið 2025 var félagið með á leigu sumarbústað í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd, á Einarsstöðum á Héraði og íbúð á Alecante Spáni. Félagið skipti einnig við VR á húsi nr. 12 á Illugastöðum og húsi í Miðhúsaskógi í Bláskógabyggð.

### ÚTLEIGA

Alls voru orlofseignir leigðar út 848 sinnum á árinu 2025, en 801 sinni á árinu 2024. Íbúðir í Mánatúni voru leigðar út 587 sinnum á árinu, bústaðir á Illugastöðum, Gráhrauni og í Skógarseli voru leigðir út 227 sinnum og leigubústaðir 34 sinnum.

## FRAMKVÆMDIR OG VIÐHALD

Það er keppikefli stjórnar og starfsfólks félagsins að orlofseignum félagsfólks sé vel við haldið og að aðbúnaður og aðkoma sé eins og best verður á kosið.

Árlega er farið í alþrif á öllum eignum og almennt viðhald og uppfærsla á húsbúnaði eftir þörfum. Árið 2025 var farið í nokkur viðhaldsverkefni;

### SKÓGARSEL

Í Vaglaskógi er stærsti bústaður félagsins, Skógarsel, reistur árið 2008. Húsið hefur haldið sér vel en tími var kominn á stærri viðhaldsverkefni. Liðið vor voru húsgögn í setustofu uppfærð og um haustið var húsið heilmálað að innan, rafmagn og lýsing yfirfarin, smáviðgerðum sinnt, nýjir gardínukappar settir upp í setustofu og húsbúnaður uppfærður.

Stærsta framkvæmdin var endurbætur á garði og leiksvæði. Hellur í kringum húsið voru hreinsaðar og kantskorið meðfram þeim, svæði í kringum leiksvæði var hreinsað upp, skipt um sand í sandkassa og undirlag undir leiktækjum. Vegna blautrar tíðar náðist ekki að mála leiktækin og býður það verkefni betra veðurs.

ILLUGASTAÐIR 19

Á vormánuðum var sófasett fært úr Skógarseli yfir á Illugastaði 19 ásamt borðum sem áður höfðu verið í húsum 2 og 12. Um var að ræða umbætur til bráðabirgða, en til stendur að fara í miklar endurbætur á húsinu. Þær lausnir sem eru í skoðun er m.a. að stækka efri hæðina eða hífa húsið af sökklinum og setja nýtt í staðinn.

ÍBÚÐIR Í MÁNATÚNI - REYKJAVÍK

Íbúðir félagsins í Mánatúni í Reykjavík njóta vinsælda allt árið um kring. Á haustmánuðum var farið í tvær ferðir til að sinna viðhaldi og alþrifum. Íbúðir í Mánatúni 3 og 5 voru málaðar að hluta og hengdir upp rúmgaflar, ný koja sett í sjúkraíbúðina, háfur í íbúð 302 og nýjir sófar í íbúðir 403, 407 og 309.

Ýmis húsbúnaður var uppfærður s.s. borðstofustólar, sængur og koddar. Umgengni um íbúðirnar er heilt yfir til fyrirmyndar og á félagsfólk skilið lof fyrir það.





*Veggir voru málaðir í hlýlegri og ljósari lit í íbúð 402, rúmgafl hengdur upp og húsgögn nýtt á milli íbúða þar sem hægt var s.s. sófar og borðstofustólar.*





*Sófasett úr Skógarseli sómir sér vel á Illugastöðum 19, neðri hæðin fékk andlitslyftingu með myndum ofl.*

## ORLOFSMÁL

ORLOFSMIÐAR

Félagsfólk átti kost á að kaupa niðurgreidda orlofsmiða og hafði val um inneignarbréf hjá Íslandshótelum eða Icelandair. Samtals námu niðurgreiðslur á inneignarbréfum frá Icelandair og á hótelgjafabréfum 1.642.824 kr. árið 2025.

Frá áramótum hefur ekki verið unnt að selja orlofsmiða eftir að skipt var um félagakerfi og er leitað lausna á því.

ORLOFSSTYRKIR

Á árinu var úthlutað 120 orlofsstyrkjum, af þeim sem fengu úthlutað nýttu 86 félagsmenn sér styrkinn. Styrkurinn árið 2025 var 27.000 kr. Í heildina greiddi FVSA orlofsstyrki samtals að upphæð 2.320.000 kr. til félagsfólks.

# SJÚKRASJÓÐUR

Verkefni sjóðsins er að veita félagsfólki FVSA fjárhagsaðstoð í veikinda-, slysa- og dánartilvikum. Verkefni sjóðsins er ennfremur að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar.

### SJÚKRADAGPENINGAR

Heildargreiðslur sjúkradagpeninga árið 2025 voru 47.495.825 kr., sem er töluverð lækkun frá árinu áður, eða um 30%. Í heildina voru sjúkradagpeningar greiddir í 141 mánuði til 48 einstaklinga, en árið 2024 voru greiddir 186 mánuðir til 65 einstaklinga.

### STYRKIR ÚR SJÚKRASJÓÐI

Alls voru greiddir 1.373 styrkir til 1.124 félaga úr Sjúkrasjóði árið 2025, samtals að upphæð 32.676.254 kr. Sem er lækkun um 2.658.620kr. á milli ára.

Stjórn sjúkrasjóðs samþykkti eftirfarandi breytingar á styrkjum úr sjóðnum:

DÁNARBÆTUR

Í lok mars 2025 var samþykkt að hækka dánarbætur úr 600.000 kr. í 800.000 kr. miðað við 100% starfshlutafall greiðandi félagsmanns.

ANNAÐ

Í lok desember 2025 var samþykkt að raddþjálfun flokkist undir sjúkraþjálfun. Sömuleiðis var samþykkt að setja hnykk og sjúkranudd undir sama flokk og að styrkupphæðir úr flokknum verði sem hér segir:

- Þrep 1. Styrkt er um hámark 40.000 kr. á hverju almanaksári og/eða 40% af reikningi
- Þrep 2. Styrkt er um hámark 20.000 kr. á hverju almanaksári eða 20% af reikning.

Breytingarnar tóku gildi um áramót.

# STARFSMENNTASJÓÐUR

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma. Alls fengu 393 félagar FVSA starfsmenntastyrk árið 2025, en árið á undan voru þeir 387. Samtals voru veittir styrkir að upphæð 30.051.871 kr., sem er 9.203.800 kr. lægra en árið áður.

**Styrkir úr Sjúkrasjóði - samanburður milli áranna 2024 og 2025**

| | 2024 | 2025 | Mismunur |
|---|---|---|---|
| **Dánarbætur** | 0 kr. | 745.500 kr. | 745.500 kr. |
| **Gleraugu** | 4.502.883 kr. | 4.218.217 kr. | - 167.419 kr. |
| **Krabbameinsleit** | 428.829 kr. | 185.303 kr. | - 243.526 kr. |
| **Heyrnartæki** | 654.000 kr. | 585.000 kr. | - 69.000 kr. |
| **Laseraðgerðir/augasteinaskipti** | 103.000 kr. | 140.000 kr. | 37.000 kr |
| **Líkamsrækt** | 15.341.996 kr. | 15.174.577 kr. | - 167.419 kr. |
| **Nudd utan TR** | 388.026 kr. | 349.082 kr. | - 38.944 kr. |
| **Sálfræðiþjónusta** | 3.384.421 kr. | 2.976.024 kr. | - 408.397 kr. |
| **Glasa-/tæknifrjóvgun** | 140.000 kr. | 317.338 kr. | 177.338 kr. |
| **Sjúkraþjálfun og sjúkranudd** | 8.675.507 kr. | 5.173.422 kr. | - 3.502.085 kr. |
| **Hnykk** | 1.211.212 kr. | 952.911 kr | 258.301 kr. |
| **Heilsustofnun Hveragerði** | 480.000 kr. | 1.684.195 kr. | 1.204.195 kr. |
| **Aðrir styrkir** | 25.000 kr. | 174.685 kr. | 149.685 kr. |
| **Samtals** | **35.334.874 kr.** | **32.676.254 kr.** | **- 2.658.620 kr.** |

# FRÆÐSLA OG NÁMSKEIÐ

Eitt af lykilhlutverkum FVSA er að miðla upplýsingum og vera í tengslum við félagsfólk. Reglulega er félagsfólki einnig boðið upp á fræðsluerindi eða námskeið. Einnig er lögð áhersla á að starfsfólk og þau sem gegna trúnaðarstörfum fyrir félagið sæki fræðslu og þekkingu á sviði verkalýðsmála eftir því sem færi gefst.

## FRÆÐSLA FYRIR 10. BEKK

Á hverju skólaári býður félagið grunnskólum í Eyjafirði upp á fræðslu fyrir 10. bekk þar sem farið er yfir réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Tilgangur heimsóknanna er að hvetja ungt fólk til þess að vera meðvitað um réttindi sín og skyldur, vera vakandi fyrir eigin hag, m.a. með því að þekkja megininntak kjarasamninga, launataxta, vinnutíma, veikinda- og orlofsrétt. Einnig að kynna þjónustu stéttarfélaga, helstu sjóði og styrki ásamt því að hvetja ungmennin til þess að leita til síns félags með spurningar.

Í ár var lögð aukin áhersla á að upplýsa ungmennin um gigg-hagkerfið og hvað ber að varast þegar fólk tekur að sér störf sem falla undir gervi-verktöku þar sem verktakinn hefur enga aðkomu að samningsskilmálum. Ungmennin tengja betur við þetta flókna umfjöllunarefni í kjölfar þess að það var tekið fyrir í Áramótaskaupinu og hafa mótað sér hugmyndir um það sem auðveldar upplýst samtal við þau.



*Krakkar í 10 bekk í Lundarskóla taka þátt í spurningaleik í gegnum Kahoot að lokinni kynningu frá félaginu.*

Í lok fræðslunnar taka ungmennin þátt í spurningaleik þar sem þau svara spurningum upp úr efninu sem hefur reynst vel til þess að festa þeim í minni mikilvæg atriði úr fræðslunni.

| Styrkir úr Starfsmenntasjóði - samanburður milli áranna 2024 og 2025 | | | |
|---|---|---|---|
| | **2024** | **2025** | **Mismunur** |
| **Annað nám** | 13.676.476 kr. | 9.857.556 kr. | - 3.818.920 kr. |
| **Ferðakostnaður** | 345.372 kr. | 360.318 kr. | 14.946 kr. |
| **Framhaldsnám** | 2.746.320 kr. | 2.921.383 kr. | 175.063 kr. |
| **Háskólanám** | 13.402.977 kr. | 11.190.200 kr. | - 2.212.777 kr. |
| **Íslenska fyrir útlendinga** | 1.030.173 kr. | 286.858 kr. | - 743.315 kr. |
| **Ráðstefnur** | 248.182 kr. | 136.518 kr. | - 111.664 kr. |
| **Starfstengd sjálfstyrking** | 2.115.049 kr. | 1.610.100 kr. | - 504.949 kr. |
| **Starfst. símenntunarnámsk.** | 1.986.815 kr. | 1.611.713 kr. | - 375.102 kr. |
| **Tómstundanám** | 743.052 kr. | 485.834 kr. | - 257.218 kr. |
| **Tungumálanám** | 246.324 kr. | 122.029 kr. | - 124.295 kr. |
| **Tölvunámskeið** | 1.609.731 kr. | 797.534 kr. | - 812.197 kr. |
| **Vottuð námsleið í símenntun** | 1.105.200 kr. | 671.828 kr. | - 433.372 kr. |
| **Samtals** | **39.255.671 kr.** | **30.051.871 kr.** | **- 9.203.800 kr.** |




*Eydís Bjarnadóttir og María Rut Dýrfjörð, starfsmenn FVSA, á Starfamessu. Mynd: Sindri Swan.*

## STARFAMESSA

FVSA tók þátt í Starfamessu í Háskólanum á Akureyri í þriðja sinn fimmtudaginn 13. mars, en það eru námsráðgjafar grunnskólanna á Akureyri sem eiga veg og vanda af þessum viðburði. Alls tóku yfir þrjátíu fyrirtæki og stofnanir þátt í að kynna starfsmöguleika fyrir 9. og 10. bekkingum frá öllu Norðurlandi. Nemendum gafst tækifæri til þess að kynna sér fjölbreytt og spennandi störf og leggja þannig grunninn að menntun sinni í framtíðinni.



*Áhugasöm ungmenni kynntu sér starfsmöguleika í hinum ýmsu atvinnugreinum á Starfamessunni.*

Það er gaman og gefandi að hitta unga fólkið, kynna verkalýðshreyfinguna, hlutverk stéttarfélaga og starfsmöguleika innan þeirra. Ungmennin tengja mörg við fræðslu sem félagið hefur boðið upp á inni í skólunum og spyrja gjarnan spurninga er varða sín kjör og réttindi. Að vanda voru ungmennin til fyrirmyndar, áhugasöm og til í spjall.

## AÐ SEMJA UM LAUNIN

Félagið bauð félagsfólki á námskeið með Gylfa Dalmann til undirbúnings fyrir launaviðtal þann 22. október. Námskeiðið var félagsfólki að kostnaðarlausu og mættu 35 manns. Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, er prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, hans sérsvið er mannauðsstjórnun, vinnumarkaðsfræði og samskipti á vinnumarkaði.

Á námskeiðinu var farið yfir þá þætti sem ákvarða virði starfsmanna, rætt um starfsþróun, atvinnuhæfni og starfsþróunaráætlanir, þátt-



*Gylfi Dalman á námskeiði með félagsfólki*

takendur voru beðnir um að leggja mat á eigið vinnuframlag, meta styrkleika sína og veikleika og koma auga á þau tækifæri sem eru til staðar til að bæta starfskjör sín. Þá var rýnt í þekkingu, færni, hæfni, reynslu, árangur og frammistöðu í starfi.

Fjallað var um þætti sem snúa að undirbúningi launaviðtalsins og sagt frá helstu aðferðum í samningatækni sem nýtast í launaviðtali. Gylfi fór einnig ítarlega yfir launakannanir og launarannsóknir og útskýrði hvernig slík gögn geta nýst við undirbúning launaviðtals.



*Frá heimsókn eftirlitsfulltrúa til SAK, systursamtaka ASÍ í Finnlandi.*

## NÁMSFERÐ EFTIRLITSFULLTRÚA

Starfsdagar eftirlitsfulltrúa ASÍ og stéttarfélaganna fóru fram í Helsinki dagana 21.-23. október. Markmið ferðarinnar var að efla þekkingu og hæfni í vinnustaðaeftirliti og læra af reynslu nágrannalanda.

Alls tóku 19 eftirlitsfulltrúar frá 12 félögum þátt í starfsdögunum, þar af einn starfsmaður frá FVSA; Eydís Bjarnadóttir. Dagskráin var fjölbreytt og samanstóð af kynningum, vettvangsferðum og fræðslu. Meðal viðkomustaða voru SAK, systursamtök ASÍ í Finnlandi, HEUNI - Evrópska rannsóknarstofnunin um forvarnir gegn glæpum, vinnueftirlit Finnlands (AVI) og þjónustumiðstöðin RIKU, sem styður þolendur mansals og misneytingar.

Í heimsóknum og fyrirlestrum var fjallað um eftirlit sem mikilvægt tól í baráttunni gegn kjarabrotum auk aðferða til að greina og bregðast við misneytingu á vinnumarkaði. Þátttakendur fengu jafnframt þjálfun í viðtalstækni og aðferðum til að byggja upp traust og öryggi í samskiptum við launafólk í erfiðum aðstæðum.

Eftirlitskerfið í Finnlandi reyndist að mörgu leyti sambærilegt því íslenska að undanskilinni sérstöðu Íslands sem felst í því að verkalýðshreyfingin hefur eftirlitsheimildir. Finnska kerfið byggir jafnframt á meiri sérhæfingu og nánara samstarfi milli stofnana, sérstaklega í mansals- og misneytingarmálum sem unnin eru með samþættri nálgun, þar sem lögð er áhersla á velferð einstaklinga og skilvirkt samspil lögreglu, eftirlits og félagslegra úrræða.

Að sögn Eydísar var áhugavert að kynnast því hvernig viðfangsefnið er nálgast í Finnlandi og í raun sambærilegar áskoranir sem vinnumarkaðurinn þar og hér heima er að glíma við.




*Eftirlitsfulltrúar hjá Evrópsku rannsóknarstofnuninni um forvarnir gegn glæpum.*

# UNGIR LEIÐTOGAR



## UNGIR LEIÐTOGAR

Í árslok árið 2024 opnaði ASÍ fyrir umsóknir um þátttöku á námskeiðinu Ungir leiðtogar sem er ætlað ungu fólki innan verkalýðshreyfingarinnar. Áhersla er lögð á að fræða þátttakendur um hreyfinguna, styrkja tengslanet og efla þá sem leiðtoga í lífi og starfi. Námskeiðið er sniðið að ungum félögum í hreyfingunni (18-35 ára), trúnaðarmönnum, starfsfólki stéttarfélaga og öðru ungu fólki í trúnaðarráðum af íslenskum og erlendum uppruna. FVSA átti einn fulltrúa á námskeiðinu; Katrínu K. Briem, trúnaðarmann hjá Icelandair.

Námskeiðið samanstendur af þremur námslotum sem miða að því að styrkja þátttakendur og gera þeim kleift að koma rödd sinni á framfæri á vinnustaðnum, innan hreyfingarinnar og úti í samfélaginu. Með námskeiðinu gefst ungum fólki kostur á að öðlast fjölbreytta þekkingu á verkalýðshreyfingunni ásamt því að efla sig í ræðumennsku, framkomu og sjálfstyrk. Síðast en ekki síst er námskeiðinu ætlað að styrkja enn frekar tengsl og samvinnu ungs launafólks þvert á starfsgreinar og landshluta.



*Hluti þátttakenda í Ungum leiðtogum ásamt starfsmanni ASÍ. Katrín K. Briem, fulltrúi FVSA, er þriðja frá vinstri.*




*Þórður Jónsson, Deuty Secretary General hjá EFTA, tók á móti hópnum í Brussel.*

Fyrsta lota námskeiðsins fór fram á skrifstofu ASÍ 19.-21. mars með kynningu á verkalýðshreyfingunni, æfingu í framkomu og ræðimennsku og kynningu á brotastarfsemi og jafnréttismálum. Katrín talaði sérstaklega um hvað námskieðið var góður undirbúningur fyrir það sem koma skildi.

Í annari lotu, sem fór fram í gegnum fjarfundi 8. apríl og 13. maí, var lögð áhersla á verkefnastjórnun. Þátttakendum var skipt upp í hópa og þeim úthlutað verkefni tengdum þeim stofnunum sem átti að heimsækja í næstu lotu.

Þriðja og síðasta lotan var haldin í Brussel þar sem þátttakendur heimsóttu alþjóðlegar og evrópskar stofnanir sem tengjast starfi verkalýðshreyfinga. Hópurinn heimsótti m.a. ETUC (European Trade Union Confederation), EFTA (Evrópsku fríverslunarsamtökin) og EEA Grants og ITUC (International Trade Union Confederation).









*Tv.: Guðlaug Kristjánsdóttir, fráfarandi fulltrúi í trúnaðarráði FVSA var fánaberi félagsins á 1. maí. Uppi t.h. Helgi Sveinbjörn starfsmaður FVSA og Eiður Stefánsson formaður í kröfugöngunni. Niðri t.h. Karlakór Akureyrar, Geysir tekur lagið.*

# FÉLAGSSTARF

## 1. MAÍ

Fallegt veður var á baráttudegi verkalýðsins 1. maí á Akureyri. Fjölmenni gekk fylktu liði frá Alþýðuhúsinu að Hofi við undirleik Lúðrarsveitar Akureyrar og í kjölfarið hófst svo hátíðardagskrá í Hofi.

Hátíðarhöldin báru þess merki að verkalýðshreyfingin minnist þess á árinu að hálf öld er liðin frá því að íslenskar konur tóku höndum saman og lögðu niður störf, launuð sem ólaunuð, þann 24. október 1975 með sögulegu kvennafríi. Kröfugangan var því leidd af konum sem báru fána í broddi fylkingarinnar.

### 100 ÁRA AFMÆLI 1. MAÍ HÁTÍÐARHALDA Á AKUREYRI

Dagurinn markaði einnig aldar tímamót, en 100 ár voru liðin frá því að efnt var til hátíðarhalda í tilefni af verkalýðsdeginum í fyrsta sinn á Akureyri. Myndasýning frá liðnum árum tók á móti gestum í Hofi auk þess sem fánar starfandi og eldri stéttarfélaga héngu uppi til sýnis.

Fundarstjóri dagskrár var Eyrún Huld Haraldsdóttir, kennari við Menntaskólann á Akureyri og félagskona KÍ. Ávarp 1. maí nefndar stéttarfélaganna var í höndum Bethsaida Rún Arnarson starfsmanni ÚA og félagskonu Einingar-Iðju og hátíðarræðu flutti Anna Júlíusdóttir, formaður Einingar-Iðju.

Söngur og gleði fyllti salinn þegar Leikfélag Menntaskólans á Akureyri steig á svið og flutti vel valin lög úr söngleiknum um Galdrakarlinn í Oz. Karlakór Akureyrar - Geysir lauk svo dagskránni með því að syngja nokkur lög og stýra samsöng. Að dagskrá lokinni var gestum boðið upp á kaffihressingu, pylsur og safa, auk þess sem börnin gátu fengið andlitsmálningu.

Á Siglufirði var félagsfólki boðið upp á veitingar og létta dagskrá í sal félaganna. Ína Sif Stefánsdóttir flutti þar ávarp stéttarfélaganna.

## KVENNAÁR 2025

Alþýðusamband Íslands var í hópi aðstandenda Kvennaárs 2025 ásamt 35 öðrum samtökum á landsvísu. Tilefnið er að 50 ár eru liðin frá kvennaári Sameinuðu þjóðanna og frægu kvennaverkfalli á Íslandi þann 24. október. Markmiðið var að krefjast endaloka kynbundins misréttis og ofbeldis, og vekja athygli á kynbundnum launamun sem enn er viðvarandi. FVSA tók þátt í tveimur viðburðum af þessu tilefni.

### LAUTARFERÐ Í LYSTIGARÐINUM

Í tilefni af Kvennaári buðu stéttarfélögin FVSA, Eining-Iðja og Kjölur, stéttarfélag starfsmanna i almannaþjónustu félagsfólki í lautarferð í Lystigarðinum þann 28. ágúst. Viðburðurinn, *Já ég þori, get og vil,* hófst á ávarpi Örnu Jakobínu Björnsdóttur, formanns Kjalar sem talaði fyrir mikilvægi kvennabaráttunnar. Boðið var upp á kaffi, kakó og kleinur, leikföngum var dreift á flötina og Blöðrudýrin600 sköpuðu blöðrudýr fyrir börnin. Þrátt fyrir mikla rigningu mættu yfir 50 manns og gerðu gott úr deginum og áttu gott spjall á flötinni við garðskálann.

### KVENNAFRÍDAGURINN - SAMSTÖÐUFUNDUR

FVSA kom að samstöðufundi við Ráðhústorg í tilefni af Kvennafrídeginum. Viðburðir um allt land voru haldnir undir yfirskriftinni „Við mætum þar til við þurfum ekki lengur að mæta!"



*Arna Jakobína Björnsdóttir, flytur ávarp í Lystigarðinum fyrir hönd stéttarfélaganna sem stóðu að lautarferðinni.*

Fjölmörg lögðu leið sína á Ráðhústorgið og hlýddu á kröftug erindi kvenna sem snertu við gestum og efldu baráttuandann. Söngur og dans var í höndum fjölbreytts hóps listafólks og í lok dagskrár tóku öll undir í fjöldasöng með laginu, Í augsýn er nú frelsi.

Áætlað er að hátt í 1.500 manns hafi verið saman komin til að lýsa yfir kröfum sínum og sýna samstöðu á 50 ára afmæli kvennaverkfalls.



*Fjölmenni kom saman á Ráðhústorgi á Kvennafrídeginum*



*Frá Fiskikvöldi félagsins í janúar*

## LEIKHÚSFERÐ

Þann 29. mars bauð FVSA félagsfólki sem náð hefur lífeyrisaldri á leiksýningu Freyvangsleikhússins Land míns föður, söngleik um stríðsárin í Reykjavík, hernámið og þær breytingar sem fylgdu komu hersins. Leikmynd og búningar færðu leikhúsgesti aftur í tímann þar sem matarskömmtun og bágar aðstæður lituðu lífið. Tækifæri og gleði fylgja komu bretana, en líka ýmsar áskoranir, ástir og ólíkleg örlög.

Í hléi bauð leikfélagið upp á glæsilegt kaffihlaðborð sem setti punktinn yfir i-ið á vel heppnaðri leikhúsferð. Við þökkum félagsfólki fyrir samveruna.



*Leikhúsgestir gæða sér á kaffiveitingum í Freyvangi.*

## FISKIKVÖLD

Þriðja árið í röð hélt félagið svokallað Fiskikvöld í janúar. Þeim sem gegna trúnaðarstörfum fyrir FVSA var boðið til kvöldverðar og skemmtunar á Múlaberg þann 23. janúar og mættu 47 manns. Skemmtinefnd skipulagði dagskrá með spurningakeppni, happdrætti og gamanmálum og Ívar Guðmundsson skemmti mannskapnum með söng og gleði.

## AFMÆLI FÉLAGSINS

Félagið fagnaði 95 ára afmæli þann 2. nóvember. Af því tilefni var félagsfólki boðið í afmæliskaffi á skrifstofu FVSA. Saga félagsins í máli og myndum var til sýnis á skjám og gestir gæddu sér á afmælisköku og öðrum veitingum. Margt var um manninn, en um 50 manns litu við, ræddu gamla tíma og nýliðnar stundir í verkalýðshreyfingunni.




*Afmælisterta í tilefni af 95 ára afmæli félagsins.*

# KYNNINGARMÁL

## FRÉTTABRÉF OG FJÖLPÓSTUR

Framan af ári sendi félagið út fréttabréf á póstlista með fréttum af starfinu og helstu viðburðum.

Alls voru tæplega 1.700 manns á póstlista utan félagakerfisins. Árið 2025 voru sendir sjö fjölpóstar á póstlistann auk upplýsinga á netföng félagsmanna úr félgakerfinu. Með tilkomu nýs félagavefs opnast á aukin samskipti við félagsfólk í gegnum svokallað skeytakerfi, sem getur sent tölvupóst og/eða sms til félagsfólks beint úr félagakerfinu.

## SAMFÉLAGSMIÐLAR

Á samfélagsmiðlum eru birtar fréttir af starfi FVSA og verkalýðshreyfingarinnar eftir því sem við á. Aukning á fylgjendum á Facebook er jöfn milli ára.

| Fylgjendur á Facebook | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **2020** | **2021** | **2022** | **2023** | **2024** | **2025** |
| 293 | 357 | 419 | 438 | 484 | 538 |

Árið 2025 heimsóttu 4.551 manns Facebook síðu félagsins, sem er fjölgum um 1.500 milli ára. Klikkað var á linka yfir 2.700 sinnum, sem er fjölgun um 54% frá árinu áður.

Sú herferð sem fékk mest áhorf var hvatning um að fjölmenna í kröfugöngu í tilefni af 1. maí, en alls náði hún til tæplega 7.500 manns.







*Grafík fyrir samfélagsmiðla og vef félagsins.*

## VEFURINN

Á vef félagsins getur félagsfólk nálgast helstu upplýsingar um starf félagsins, fréttir, kjarasamninga og kjör. Fjöldi þeirra sem heimsækja vefinn eykst um 3.3% milli ára, en ríflega 50.000 IP tölur heimsóttu vefinn á árinu. Fjöldi heimsókna eykst um 22% og fjöldi síðuflettinga um 15.5%.

| | Fjöldi þeirra sem heimsækja vefinn* | Fjöldi heimsókna á vefinn** | Síðuflettingar*** |
|---|---|---|---|
| **2024** | 49.476 | 79.844 | 185.231 |
| **2025** | 51.101 | 97.162 | 213.818 |
| **Aukning milli ára** | **3.3%** | **22%** | **15.5%** |

* Fjöldi IP- tala sem hefur farið inn á vefinn á árinu
** Fjöldi einstakra heimsókna inn á vefinn á árinu, á bak við hverja IP tölu geta verið ein eða fleiri heimsókn
***Fjöldi síðuflettinga á árinu, á bak við hverja og eina heimsókn getur verið fleiri en ein síðufletting

# ÁRSREIKNINGUR 2025


SKÝRSLA STJÓRNAR ........ 27

ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA ........ 28-29

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA ........ 30

YFIRLIT UM REKSTRARAFKOMU OG EFNAHAG ........ 31

REKSTRARREIKNINGUR FÉLAGSSJÓÐS ........ 32

EFNAHAGSREIKNINGUR FÉLAGSSJÓÐS ........ 33

REKSTRARREIKNINGUR SJÚKRASJÓÐS ........ 34

EFNAHAGSREIKNINGUR SJÚKRASJÓÐS ........ 35

REKSTRARREIKNINGUR ORLOFSSJÓÐS ........ 36

EFNAHAGSREIKNINGUR ORLOFSSJÓÐS ........ 37

REKSTRARREIKNINGUR VINNUDEILUSJÓÐS ........ 38

EFNAHAGSREIKNINGUR VINNUDEILUSJÓÐS ........ 38

SAMANDREGINN REKSTRARREIKNINGUR ........ 39

SAMANDREGINN EFNAHAGSREIKNINGUR ........ 40

SJÓÐSTREYMI ........ 41

SKÝRINGAR OG SUNDURLIÐANIR ........ 42-46

UNDIRRITANIR ........ 47

# Skýrsla stjórnar

## Megintilgangur félagsins

Félagið er stéttarfélag verslunar- og skrifstofumanna á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu vestan Vaðlaheiðar.

## Starfsemin á árinu

Starfsemi félagsins var með líku sniði og undanfarin ár. Í árslok voru fullgildir félagsmenn 2.348 talsins, þar af voru 419 ekki gjaldskyldir. Konur eru 60% af félagsmönnum.

Laun formanns félagsins námu 14,7 mkr. á árinu 2025 og laun stjórnar 2,4 mkr.

## Reikningsskilaaðferðir og fjárhagsstaða

Ársreikningur félagsins er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hagnaður félagsins 35,7 mkr. og eigið fé í árslok nam 860,7 mkr.

## Staðfesting ársreikningsins

Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2025.

Akureyri, 17. febrúar 2026

**Stjórn Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni**

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

**Álit**
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Grundvöllur fyrir áliti**
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Óhæði**
Við erum óháð Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra.

**Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum**
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

**Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins**
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið  sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.

- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

**Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna**
Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, 23. febrúar 2026

**Enor ehf.**
**Hafnarstræti 53, 600 Akureyri**

Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

# Áritun skoðunarmanna

**Til stjórnar og félagsmanna í Félagi verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni**

Við undirritaðir félagskjörnir skoðunarmenn höfum yfirfarið reikninga Félags verslunar- og skrifstofufólks, Akureyri og nágrenni reikningsárið 2025.

Við höfum ekkert við þá að athuga og leggjum til að þeir verði samþykktir.

Akureyri, 17. febrúar 2026

Helena Ásta Magneudóttir

Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

## Yfirlit um rekstrarafkomu 2025

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **Rekstrarhagnaður (-tap) ársins** | | |
| Félagssjóður | 25.327.713 | 40.920.610 |
| Sjúkrasjóður | 23.625.431 | ( 1.936.499) |
| Orlofssjóður | ( 33.599.991) | ( 25.223.443) |
| Vinnudeilusjóður | 3.500.000 | 3.000.000 |
| | 18.853.153 | 16.760.668 |
| **Hagnaður (-tap) ársins** | | |
| Félagssjóður | 5.345.368 | 1.659.685 |
| Sjúkrasjóður | 32.306.432 | 8.200.950 |
| Orlofssjóður | ( 20.277.181) | 1.590.598 |
| Vinnudeilusjóður | 18.309.780 | 24.517.449 |
| | 35.684.399 | 35.968.682 |

## Yfirlit um efnahag 31. desember 2025

| | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| Félagssjóður | 794.101.623 | 732.352.830 |
| Sjúkrasjóður | 243.485.768 | 211.179.336 |
| Orlofssjóður | 236.108.343 | 248.690.366 |
| Vinnudeilusjóður | 379.402.281 | 361.092.501 |
| Kröfur milli sjóða | ( 775.616.224) | ( 717.476.967) |
| | 877.481.791 | 835.838.066 |
| **Eigið fé** | | |
| Félagssjóður | 171.148.273 | 170.807.590 |
| Sjúkrasjóður | 243.485.768 | 211.179.336 |
| Orlofssjóður | 66.712.959 | 84.929.631 |
| Vinnudeilusjóður | 379.402.281 | 361.092.501 |
| | 860.749.281 | 828.009.057 |
| **Skuldir** | | |
| Félagssjóður | 622.953.351 | 561.545.241 |
| Vinnudeilusjóður | 169.395.384 | 163.760.735 |
| Kröfur milli sjóða | ( 775.616.224) | ( 717.476.967) |
| | 16.732.511 | 7.829.009 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | 877.481.791 | 835.838.066 |

**Félagssjóður**

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýringar | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Félagsgjöld | | 128.760.924 | 123.858.734 |
| Aðrar tekjur félagssjóðs | 2 | 38.328.287 | 37.169.490 |
| | | 167.089.211 | 161.028.224 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Skattgreiðslur | 3 | 23.052.779 | 21.604.841 |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 65.393.739 | 64.844.348 |
| Annar rekstrarkostnaður | 5 | 47.167.430 | 35.323.734 |
| Tillög og styrkir | 6 | 4.666.561 | 3.670.079 |
| Endurgreiddur útlagður kostnaður | | (2.943.787) | ( 10.016.806) |
| Afskriftir | 11 | 4.424.777 | 4.681.418 |
| | | 141.761.499 | 120.107.614 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 25.327.713 | 40.920.610 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa | | 23.384.212 | 27.319.165 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | (23.366.557) | ( 31.580.090) |
| | | 17.655 | ( 4.260.925) |
| **Hagnaður af reglulegri starfsemi** | | 25.345.368 | 36.659.685 |
| **Aðrar tekjur (gjöld)** | | | |
| Framlag í orlofssjóð | | (20.000.000) | ( 35.000.000) |
| **Hagnaður ársins** | | 5.345.368 | 1.659.685 |

## Félagssjóður

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýringar | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| | 11 | | |
| Fasteignir | | 167.029.159 | 171.199.189 |
| Áhöld og innréttingar | | 1.159.185 | 1.413.931 |
| | | 168.188.344 | 172.613.120 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í félögum | 14 | 1.500.000 | 0 |
| Bundnar bankainnistæður og fjárvörslureikningar | | 242.451.896 | 232.884.101 |
| | | 243.951.896 | 232.884.101 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 412.140.240 | 405.497.221 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Orlofssjóður | | 169.395.384 | 163.760.735 |
| Útistandandi iðgjöld | 10 | 21.397.344 | 16.529.657 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 4.373.745 | 9.192.508 |
| Handbært fé | | 186.794.909 | 137.372.709 |
| | | 381.961.383 | 326.855.609 |
| **Eignir samtals** | | 794.101.623 | 732.352.830 |

| Eigið fé og skuldir | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign | | 171.148.273 | 170.807.590 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Vinnudeilusjóður | | 379.402.281 | 361.092.501 |
| Sjúkrasjóður | | 226.818.559 | 192.623.731 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 16.732.510 | 7.829.008 |
| | | 622.953.350 | 561.545.240 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 794.101.623 | 732.352.830 |

## Sjúkrasjóður

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýringar | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 125.731.660 | 120.691.055 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Dagpeningar og styrkir | 7 | 80.172.079 | 102.873.761 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 4.876.097 | 3.264.451 |
| Framlag til reksturs skrifstofu | | 16.796.185 | 16.227.474 |
| Afskriftir | 11 | 261.868 | 261.868 |
| | | 102.106.229 | 122.627.554 |
| **Rekstrarhagnaður(tap)** | | 23.625.431 | ( 1.936.499) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 8.681.001 | 10.137.449 |
| **Hagnaður ársins** | | 32.306.432 | 8.200.950 |

Sjúkrasjóður

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýringar | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | |
| Fasteignir | | 5.809.578 | 6.071.446 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi iðgjöld | 10 | 10.857.631 | 12.484.159 |
| Félagssjóður | | 226.818.559 | 192.623.731 |
| | | 237.676.190 | 205.107.890 |
| **Eignir samtals** | | 243.485.768 | 211.179.336 |
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign | | 243.485.768 | 211.179.336 |
| **Eigið fé samtals** | | 243.485.768 | 211.179.336 |

## Orlofssjóður

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýringar | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 31.381.417 | 30.173.422 |
| Leigutekjur orlofshúsa | | 23.109.727 | 22.866.900 |
| | | 54.491.144 | 53.040.322 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 | 59.777.589 | 50.159.486 |
| Framlag til reksturs skrifstofu | | 14.077.209 | 13.739.856 |
| Afskriftir | 11 | 14.236.337 | 14.364.423 |
| | | 88.091.135 | 78.263.765 |
| **Rekstrartap** | | ( 33.599.991) | ( 25.223.443) |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 39.497 | 26.564 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 6.716.687) | ( 8.212.523) |
| | | ( 6.677.190) | ( 8.185.959) |
| **Tap af reglulegri starfsemi** | | ( 40.277.181) | ( 33.409.402) |
| **Aðrar tekjur (gjöld)** | | | |
| Framlag úr félagssjóði | | 20.000.000 | 35.000.000 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | ( 20.277.181) | 1.590.598 |

Orlofssjóður

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýringar | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | |
| Fasteignir | | 212.473.582 | 224.943.012 |
| Áhöld og innréttingar | | 5.897.015 | 7.663.922 |
| | | 218.370.597 | 232.606.934 |
| Aðrar eignir: | | | |
| Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum | | 15.032.948 | 12.972.439 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 233.403.545 | 245.579.373 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Útistandandi iðgjöld | 10 | 2.704.798 | 3.110.993 |
| **Eignir samtals** | | 236.108.343 | 248.690.366 |

| Eigið fé og skuldir | | | |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign | | 66.712.959 | 84.929.631 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Félagssjóður | | 169.395.384 | 163.760.735 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 236.108.343 | 248.690.366 |

## Vinnudeilusjóður

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýringar | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Tillag úr félagssjóði | | 3.500.000 | 3.000.000 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur | | 14.809.780 | 21.517.449 |
| **Hagnaður ársins** | | 18.309.780 | 24.517.449 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| **Eignir** | | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Veltufjármunir** | | | |
| Félagssjóður | | 379.402.281 | 361.092.501 |
| **Eignir samtals** | | 379.402.281 | 361.092.501 |
| **Eigið fé** | 12 | | |
| Hrein eign | | 379.402.281 | 361.092.501 |
| **Eigið fé samtals** | | 379.402.281 | 361.092.501 |

Samandreginn rekstrarreikningur

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýringar | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Iðgjöld | | 285.874.001 | 274.723.211 |
| Húsaleiga | | 23.109.727 | 22.866.900 |
| Aðrar tekjur | | 1.730.706 | 1.659.847 |
| | | 310.714.434 | 299.249.958 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 65.393.739 | 64.844.348 |
| Dagpen., orlofsstyrkir ofl.v/félagsmanna | | 83.435.341 | 106.624.520 |
| Rekstur og viðhald fasteigna | | 54.986.085 | 42.247.114 |
| Annar kostnaður | | 72.066.921 | 59.482.405 |
| Endurgreiddur útlagður kostnaður | | ( 2.943.787) | ( 10.016.806) |
| Afskriftir | 11 | 18.922.982 | 19.307.709 |
| | | 291.861.281 | 282.489.290 |
| **Rekstrarhagnaður** | | 18.853.153 | 16.760.668 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og innlausn verðbréfa | | 16.831.246 | 19.208.014 |
| **Hagnaður ársins** | | 35.684.399 | 35.968.682 |

Samandreginn efnahagsreikningur

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| Eignir | Skýringar | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | 11 | | |
| Fasteignir ........................................ | | 385.312.319 | 402.213.647 |
| Innréttingar og búnaður ........................................ | | 7.056.200 | 9.077.853 |
| | | 392.368.519 | 411.291.500 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Eignarhlutir í félögum ........................................ | 14 | 1.500.000 | 0 |
| Bundnar bankainnistæður og eignarhlutir ........................................ | | 242.451.896 | 232.884.101 |
| | | 243.951.896 | 232.884.101 |
| Aðrar eignir: | | | |
| Eignarhluti í orlofsbyggðinni Illugastöðum ........................................ | | 15.032.948 | 12.972.439 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 651.353.363 | 657.148.040 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ýmsar skammtímakröfur ........................................ | | 4.373.745 | 9.192.508 |
| Útistandandi iðgjöld ........................................ | 10 | 34.959.774 | 32.124.809 |
| Handbært fé ........................................ | | 186.794.909 | 137.372.708 |
| | | 226.128.428 | 178.690.025 |
| **Eignir samtals** | | 877.481.791 | 835.838.065 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Hrein eign ........................................ | 12 | 860.749.281 | 828.009.057 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Ýmsar skammtímaskuldir ........................................ | | 16.732.510 | 7.829.008 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 877.481.791 | 835.838.065 |
| **Aðrar upplýsingar** | 13 | | |

# Sjóðstreymi ársins 2025

| | Skýringar | 2025 | 2024 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé frá rekstri: | | | |
| Hagnaður ársins ........ | | 35.684.399 | 35.968.682 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi frá rekstri: | | | |
| Afskriftir ........ | 11 | 18.922.982 | 19.307.709 |
| | | 54.607.381 | 55.276.391 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | | |
| Skammtímakröfur ........ | | 1.983.798 | ( 6.988.098) |
| Skammtímaskuldir ........ | | 3.898.817 | ( 313.920) |
| | | 5.882.615 | ( 7.302.018) |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 60.489.996 | 47.974.373 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Breyting bundinna bankainnistæðna ........ | | ( 9.567.795) | ( 10.923.666) |
| Kaupverð eignarhluta ........ | | ( 1.500.000) | 0 |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna ........ | 11 | 0 | ( 32.802.527) |
| | | ( 11.067.795) | ( 43.726.193) |
| **Hækkun(lækkun) á handbæru fé** | | 49.422.201 | 4.248.180 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 137.372.708 | 133.124.528 |
| **Handbært fé í árslok** | | 186.794.908 | 137.372.708 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Félag verslunar og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni er stéttarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 80/1398 um stéttarfélög og vinnudeilur, og laga félagsins frá árinu 2011. Starfsstöð félagsins er á Akureyri þar sem það rekur þjónustuskrifstofu fyrir félagsmenn.

## 1.1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum, sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

**Innlausn tekna**

Iðgjöld eru færð til tekna miðað við innsendar skilagreinar.

**Aðrar rekstrartekjur**

Söluhagnaður af varanlegum rekstrarfjármunum er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði á viðskiptadegi.

**Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld**

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

**Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir**

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Innbú ........ | 20% |
| Innréttingar og búnaður ........ | 20%-33,3% |
| Orlofsíbúðir og fasteign Skipagötu ........ | 2% |
| Orlofshús ........ | 5-10% |

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

**Eignarhlutir í félögum**

Eignarhlutir í félögum eru færðir til eignar á kostnaðarverði.

**Aðrar eignir**

Eignarhluti í orlofsbyggðum er bókfærður sem hlutfall félagsins í eigin fé þeirra í árslok 2025.

**Iðgjöld**

Iðgjöld eru færð til tekna á grundvelli skilagreina sem félaginu berast frá launagreiðendum og útistandandi iðgjöld færð sem kröfur um áramót.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og bankainnstæðum, sem eru lausar innan þriggja mánaða.

# Skýringar

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **2. Aðrar tekjur félagssjóðs** | | |
| Innheimtuþóknun frá sjúkrasjóði | 16.796.185 | 16.227.474 |
| Innheimtuþóknun frá orlofssjóði | 14.077.209 | 13.739.856 |
| Innh.þóknun FVSA frá Starfsmenntasj. (skýring 13) | 1.730.706 | 1.659.847 |
| Aðrar tekjur | 5.724.187 | 5.542.313 |
| | 38.328.287 | 37.169.490 |
| **3. Skattgreiðslur** | | |
| Skattur til LÍV og ASÍ | 13.561.559 | 12.632.414 |
| Framlag v/ 1. maí | 733.081 | 578.000 |
| Mótframlag félagsins í Starfsmenntasj. (skýring 13) | 8.758.139 | 8.394.427 |
| | 23.052.779 | 21.604.841 |
| **4. Laun og launatengd gjöld** | | |
| Laun starfsmanna | 45.544.868 | 46.062.244 |
| Laun í stjórnum og nefndum | 7.498.443 | 7.366.148 |
| Lífeyrissjóðsmótframlag | 7.318.350 | 7.363.682 |
| Tryggingagjald | 4.066.172 | 4.052.274 |
| Áfallið orlof | 965.906 | 0 |
| | 65.393.739 | 64.844.348 |
| **5. Annar rekstrarkostnaður í félagssjóði** | | |
| Rekstur fasteigna: | | |
| Rekstur Skipagötu 14 | 2.605.210 | 814.462 |
| Bílastæðagjald | 627.840 | 566.238 |
| | 3.233.050 | 1.380.700 |
| Rekstrarvörur og félagsstarf: | | |
| Hreinlætisvörur og þrif | 1.166.934 | 1.003.552 |
| Bensín og bílakostnaður | 2.202.448 | 2.106.328 |
| Ráðstefnur, fundarhöld og kjarasamningar | 9.694.524 | 10.839.596 |
| Kaffi og starfsmannakostnaður | 1.483.168 | 1.354.139 |
| Viðhald og rekstur áhalda og tækja | 1.490.953 | 572.788 |
| | 16.038.027 | 15.876.403 |

# Skýringar

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| Almennur rekstarkostnaður: | | |
| Rekstur tölva, tölvunets, sími og skrifstofukostnaður | 13.036.921 | 6.860.471 |
| Auglýsingar og auglýsingavörur | 2.073.275 | 1.410.155 |
| Gjafir og gestamóttaka | 514.722 | 530.279 |
| Rekstur Siglufjarðarskrifstofu | 775.807 | (206.877) |
| Fréttablað og heimasíða | 40.536 | 1.214.964 |
| Þjónustugjöld, posaleiga og innheimtukostnaður | 1.082.391 | 1.303.974 |
| Sérfræðiþjónusta | 8.598.162 | 5.750.988 |
| Leikhúsferðir og sumarferð | 581.150 | 306.784 |
| Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld | 1.112.652 | 446.852 |
| Ýmis kostnaður | 80.737 | 449.041 |
| | 27.896.353 | 18.066.631 |
| Annar rekstrarkostnaður í félagssjóði samtals | 47.167.430 | 35.323.734 |

## 6. Tillög og styrkir í félagssjóði

| | | |
|---|---|---|
| Námskeið fyrir félagsmenn að frádregnum styrkjum frá Starfsmenntasjóði | 256.294 | (129.921) |
| Styrkir og styrktarlínur til félagasamtaka | 910.267 | 800.000 |
| Tillag í vinnudeilusjóð | 3.500.000 | 3.000.000 |
| | 4.666.561 | 3.670.079 |

## 7. Dagpeningar og styrkir sjúkrasjóðs

| | | |
|---|---|---|
| Sjúkradagpeningar | 47.495.825 | 67.538.887 |
| Dánarbætur | 745.500 | 0 |
| Sjúkraþjálfun og nudd | 6.475.415 | 10.156.787 |
| Niðurgreiðsla á líkamsrækt | 15.174.577 | 15.033.082 |
| Leitarstöð | 185.303 | 737.743 |
| Styrkir til félagsmanna | 10.095.459 | 9.407.262 |
| | 80.172.079 | 102.873.761 |

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **8. Annar rekstrarkostnaður í sjúkrasjóði** | | |
| Viðhald og rekstur Skipagata 14 | 1.233.536 | 374.805 |
| Kostnaður sjúkrasjóðsfunda | 651.938 | 613.050 |
| Sjúkraíbúð | 1.908.062 | 1.839.938 |
| Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld | 1.082.561 | 436.658 |
| | 4.876.097 | 3.264.451 |

| | 2025 | 2024 |
|---|---|---|
| **9. Annar rekstrarkostnaður í orlofssjóði** | | |
| Húsgjöld íbúða | 3.578.131 | 3.736.339 |
| Viðhald innbús | 4.572.175 | 955.407 |
| Fasteignagjöld | 2.803.424 | 2.450.961 |
| Orlofsstyrkir og niðurgreiðsla | 3.263.262 | 3.750.759 |
| Rekstur og viðhald orlofshúsa og íbúða | 41.522.785 | 34.903.176 |
| Leiga orlofshúsa | 2.586.536 | 3.090.272 |
| Tengigjöld í orlofsíbúðum | 1.180.635 | 1.153.410 |
| Afskrifuð og niðurfærð iðgjöld | 270.641 | 119.162 |
| | 59.777.589 | 50.159.486 |

## 10. Útistandandi iðgjöld

| Útistandandi iðgjöld greinast þannig: | 31.12.2025 | 31.12.2024 |
|---|---|---|
| Útistandandi iðgjöld | 39.163.829 | 33.863.011 |
| Niðurfærsla | ( 4.204.055) | ( 1.738.202) |
| | 34.959.774 | 32.124.809 |
| Skipting á sjóði: | | |
| Félagssjóður | 21.397.344 | 16.529.657 |
| Sjúkrasjóður | 10.857.631 | 12.484.159 |
| Orlofssjóður | 2.704.798 | 3.110.993 |
| | 34.959.774 | 32.124.809 |

Niðurfærsla útistandandi iðgjalda er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum útistandandi iðgjöldum í efnahagsreikningi.

# Skýringar

## 11. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

| | Félagssjóður | | Sjúkrasjóður | Orlofssjóður | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Fasteignir | Áh.og innr. | Fasteignir | Fasteignir | Áh.og innr. | Samtals |
| Heildarv.1/1 | 208.815.781 | 14.106.413 | 13.093.446 | 381.229.768 | 22.483.152 | 639.728.560 |
| Afskrifað 1/1 | 37.616.592 | 12.692.482 | 7.022.000 | 156.286.756 | 14.819.231 | 228.437.061 |
| Afskriftir | 4.170.030 | 254.747 | 261.868 | 12.469.431 | 1.766.906 | 18.922.982 |
| Afskrifað alls | 41.786.622 | 12.947.228 | 7.283.868 | 168.756.186 | 16.586.137 | 247.360.041 |
| Heildarv.1/1 | 167.029.159 | 1.159.185 | 5.809.578 | 212.473.582 | 5.897.015 | 392.368.519 |

Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð sundurliðast þannig:

| | Fasteignamat | Brunabótamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Húseignin Skipagata 14 | 42.032 | 91.162 | 20.595 |
| Orlofshús Illugastöðum | 87.750 | 118.900 | 40.335 |
| Orlofshús Vaglaskógi | 90.450 | 112.780 | 8.364 |
| Orlofshús Húsafelli | 66.550 | 69.150 | 62.756 |
| Íbúðir í Mánatúni | 566.830 | 431.720 | 253.262 |
| Leigulóðin Mánatúni | 70.370 | | |
| | 923.982 | 823.712 | 385.312 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

| | Félags-sjóður | Sjúkra-sjóður | Orlofs-sjóður | Vinnudeilu-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1/1 | 170.807.590 | 211.179.336 | 84.929.631 | 361.092.501 | 828.009.058 |
| Endurmat eignarhluta í orlofsbyggð. | | | 2.060.509 | | 2.060.509 |
| Áfallið orlof fyrri ára | ( 5.004.685) | | | | ( 5.004.685) |
| Afkoma ársins | 5.345.368 | 32.306.432 | ( 20.277.181) | 18.309.780 | 35.684.399 |
| Eigið fé 31/12 | 171.148.273 | 243.485.768 | 66.712.959 | 379.402.281 | 860.749.281 |

## 13. Starfsmenntasjóðir

| | **2025** | **2024** |
|---|---|---|
| Greiðslur frá launagreiðendum | 35.133.249 | 33.333.747 |
| Mótframlag FVSA | 8.758.139 | 8.394.427 |
| Samtals inngreiðslur | 43.891.388 | 41.728.174 |
| Innheimtuþóknun FVSA | 1.730.706 | 1.659.847 |
| Upphæð styrkja til félaga FVSA | 30.051.871 | 39.255.671 |

## 14. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

| | **Eignarhluti** | **Nafnverð** | **Bókfært verð** |
|---|---|---|---|
| Félagakerfið Tótal ehf. | 1,0% | 1.500.000 | 1.500.000 |

# Undirritunarsíða

Eiður Stefánsson

Undirritað af:
Eiður Stefánsson
1812654269
Dags: 18.02.2026
Tími: 15:51:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

Claudia Lobindzus

Undirritað af:
Claudia Lobindzus
1501702229
Dags: 18.02.2026
Tími: 15:53:02
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

Hulda Björnsdóttir

Undirritað af:
Hulda Björnsdóttir
2107882989
Dags: 19.02.2026
Tími: 12:34:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

Halldór Óli Kjartansson

Undirritað af:
Halldór Óli Kjartansson
0910892039
Dags: 18.02.2026
Tími: 19:55:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

Stefán Jónsson

Undirritað af:
Stefán Jónsson
1602723769
Dags: 18.02.2026
Tími: 17:43:21
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

070670-3809
Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir

Undirritað af:
Sigurjóna Þórdís Ingvadóttir
0408695149
Dags: 18.02.2026
Tími: 15:53:59
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

Helena Ásta Magneudóttir

Undirritað af:
Helena Ásta Magneudóttir
0706703809
Dags: 19.02.2026
Tími: 11:11:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

Davíð Búi Halldórsson

Undirritað af:
Davíð Búi Halldórsson
1907775299
Dags: 23.02.2026
Tími: 09:30:15
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: efb65436-fc58-477f-9c15-96c653baff99

# ÁRSSKÝRSLA 2025

**FÉLAG VERSLUNAR OG SKRIFSTOFUFÓLKS AKUREYRI OG NÁGRENNI**
Skipagata 14 - 600 Akureyri - fvsa@fvsa.Is - s: 455-1050

**www.fvsa.is**